

Miðvikudaginn 10. desember 1969.

Nr. 183/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Óla Anton Bieltvedt**

(Þorvaldur Lúðvíksson (hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómarmennir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Fjárdráttur. Tékkamisferli.

**Dómur Hæstaréttar.**

Héraðsdóminn ber að staðfesta með skirskotun til forsendna hans, sbr. og 60., 77. og 78. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns, kr. 9.000.00.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Óli Anton Bieltvedt, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. maí 1969.**

Ár 1969, föstudaginn 16. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 203/1969: Ákærvaldið gegn Óla Antoni Bieltvedt, sem tekið var til dóms 30. f. m.

Með ákæru, dags. 11. marz s.l., var opinbert mál höfðað gegn Óla Antoni Bieltvedt framkvæmdastjóra, Fellsmúla 9 hér í borg, fæddum 6. október 1942 í Alvdag í Noregi, „fyrir fjárdrátt með því að standa Gjaldheimtunni í Reykjavík ekki skil á og þannig

draga sér kr. 37.924.00, sem hann hélt eftir til greiðslu opinberra gjalda af kaupi Hákonar Steindórssonar, Fellsmúla 9, starfsmanns fyrirtækisins Óla A. Bieltvedts & Co., sem ákærði er framkvæmdastjóri fyrir, samkvæmt 29 kvittunum frá árunum 1967 og 1968 (10 kvittunum 1967, kr. 19.000.00, og 19 kvittunum 1968, kr. 18.924.00).

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar“.

Með ákæru, dags. 19. marz s.l., var annað opinbert mál höfðað gegn ákærða, Óla Antoni Bieltvedt, „fyrir tékkamisferli, framið í Reykjavík á árunum 1967 og 1968, með því að gefa út f. h. Óla A. Bieltvedts & Co. h/f, iðnaðar- og verzlunarfélag, eftirtalda tékka og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess innstæða væri fyrir þeim:

#### I.

Tékki á hlaupareikning nr. 2878 í Búnaðarbanka Íslands:

1. U. Nr. 94646, kr. 20.526.00, til Guðmundar Ingva Sigurðssonar, dagsettur 10. ágúst 1967. Tékki þessi var afhentur 13. júlí 1967 sem greiðsla skuldar við Svein Egilsson h/f, Reykjavík, þegar að því var komið að bjóða upp skrifstofuvélar ákærða, sem fjárnám hafði verið gert í til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Hlaupareikningnum var lokað 2. ágúst 1967.

#### II.

Tékkar á ávísanareikninga nr. 41750 og 4175 í Samvinnubankanum:

1. N. Nr. 43186, kr. 16.798.13, til Olíuverzlnar Íslands h/f, dagsettur 1. maí 1968. Greiðsla skuldar við fyrirtækið.

2. N. Nr. 45947, kr. 10.871.25, til Sæla Café, dagsettur 10. maí 1968. Greiðsla skuldar við fyrirtækið.

3. N. Nr. 47591, kr. 10.000.00, til Trésmiðjunnar Víðis, dagsettur 17. apríl 1968. Ákærði fékk 10.000.00 króna lán hjá fyrirtækinu og afhenti við móttöku lánsfjárins tékka þennan, sem dagsettur var nokkra daga fram í tímann.

Framanskráðir verknaðir í liðum I og II þykja varða við 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Mál þessi hafa verið sameinuð og rekin sem eitt mál.

Málavextir.

A. Ákærði stýrir fyrirtækinu Óla A. Bieltvedt & Co. h/f. Hefur það með höndum framleiðslu á útveggjum, hurðum og gluggum úr alumíníum.

Hjá fyrirtækinu starfaði maður að nafni Hákon Steindórsson. Ákærði dró reglulega hluta af kaupum hans til lúkningar á opinberum gjöldum.

Hinn 23. desember f. á. kærði Gjaldheimtan í Reykjavík yfir því, að Hákon hefði þar sýnt kvittanir fyrir samtals kr. 37.924.00, sem ákærði hefði dregið af honum, en fénu hafði ekki verið skilað til Gjaldheimtunnar. Fylgdu kærinni ljósrit af kvittunum Hákonar, og segja þær, að Hákon Steindórsson hafi greitt opinber gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli, svo sem hér segir:

1. september 1967	.. .. .	2.000.00
15. september 1967	.. .. .	1.000.00
22. september 1967	.. .. .	2.000.00
29. september 1967	.. .. .	2.000.00
6. október 1967	.. .. .	2.000.00
13. október 1967	.. .. .	2.000.00
3. nóvember 1967	.. .. .	2.000.00
10. nóvember 1967	.. .. .	2.000.00
17. nóvember 1967	.. .. .	2.000.00
24. nóvember 1967	.. .. .	2.000.00
2. desember 1967	.. .. .	1.200.00
9. desember 1967	.. .. .	1.200.00
16. febrúar 1968	.. .. .	1.000.00
23. febrúar 1968	.. .. .	1.000.00
1. marz 1968	.. .. .	1.000.00
8. marz 1968	.. .. .	1.000.00
29. marz 1968	.. .. .	500.00
5. apríl 1968	.. .. .	1.000.00
16. apríl 1968	.. .. .	1.000.00
26. apríl 1968	.. .. .	1.200.00
3. maí 1968	.. .. .	824.00
10. maí 1968	.. .. .	1.000.00
17. maí 1968	.. .. .	1.000.00
24. maí 1968	.. .. .	1.000.00
31. maí 1968	.. .. .	1.000.00

21. júní 1968 .. . . . .	1.000.00
25. júní 1968 .. . . . .	1.000.00
S. d. . . . . . . . . . .	1.000.00
28. júní 1968 .. . . . .	1.000.00

Samtals nemur fjárhæð þessara kvittana kr. 37.924.00, svo sem segir í ákæru.

Ákærði skýrði svo frá í lögreglurannsókn 7. janúar s.l., að hann kannaðist við, að hann hefði gefið út kvittanirnar og að hann hefði ekki staðið skil á fé því, er hann hafði kvittað fyrir viðtöku á. Hann kannaðist við, að Gjaldheimtan hefði með bréfi 10. desember 1968 krafist hann um skil, en hann kvaðst ekki hafa haft tök á að greiða þá. Lofaði ákærði jafnframt að greiða Gjaldheimtunni hið bráðasta. Það dróst þó, þar til rekstur máls þessa var hafinn, en hinn 21. marz s.l. greiddi ákærði Gjaldheimtunni fjárhæðina, kr. 37.924.00.

Ákærði segir, að þegar umræddar kvittanir hafi verið gefnar út, hafi raunverulega ekkert fé verið fyrir hendi til þess að leggja til hliðar og fjárhagsörðugleikar fyrirtækisins hafi valdið því, að skil voru ekki gerð, fyrr en raun varð á.

B. Fyrirtæki ákærða hafði ávísanareikning nr. 4175 í Samvinnubankanum og hlaupareikning 2878 í Búnaðarbanka Íslands.

Hinn 13. júlí 1967 greiddi ákærði Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni kröfu Sveins Egilssonar h/f með tékka á hlaupareikning 2878 að fjárhæð kr. 20.526.00. Hafði verið fenginn dómur fyrir þessari kröfu, og var komið að uppboði. Tékkinn var dagsettur 10. ágúst 1967 með vitund viðtakanda, sem var þannig ljóst, að innstæða var ekki fyrir tékkanum við afhendingu. Var gert ráð fyrir því, að innstæða yrði fyrir tékkanum á hinum tilgreinda útgáfudegi, 10. ágúst. Þetta brást þó, og skorti innstæðu 10. ágúst, er tékkinn var sýndur í greiðslubankanum. Ákærði greiddi 26. september kr. 5.000.00 af kröfu þessari.

Eftir að mál þetta hófst, eða hinn 11. apríl s.l., greiddi ákærði Guðmundi Ingva Sigurðssyni kröfuna að fullu ásamt vanskilavöxtum, og hefur Guðmundur fallið frá kröfu, er hann hafði gert í máli þessu.

Með tékka, dagsettum 1. maí 1968, greiddi ákærði Ólíuverzlun Íslands h/f skuld vegna kaupa á olíu. Telur ákærði, að greiðslan hafi farið fram, ca. mánuði fyrr en dagsetning segir, og hafi viðtakanda verið ljóst, að tékkanum var þannig hagað, enda telur ákærði, að innheimtumaðurinn hafi ekki átt að láta tékkann frá

sér án samráðs við ákærða. Samkvæmt upplýsingum frá Olíu-  
verzlun Íslands h/f mun það rétt, að við tékkanum hafi verið  
tekið fyrr en dagsetning segir til um. Tékkinn var lagður inn  
í viðskiptabanka Olíuverzlunarinnar 2. maí 1968, en innstæða  
reyndist ekki í greiðslubankanum.

Samkvæmt bréfi Olíuverzlunar Íslands h/f, dags. 15. apríl s.l.,  
hefur ákærði greitt tékkann að fullu ásamt dráttarvöxtum, og er  
fallið frá kröfu, sem áður hafði verið höfð uppi í máli þessu.

Í apríl 1968 lánaði Guðmundur Lúðvík Þorsteinn Guðmunds-  
son, verzlunarstjóri hjá Trésmiðjunni Víði h/f, ákærða kr.  
10.000.00. Lét ákærði Guðmund Lúðvík Þorstein hafa á móti  
tékka á reikning 4175 að fjárhæð kr. 10.000.00, dagsettan 17. apríl  
1968, þ. e. nokkra daga fram í tímann. Gerði ákærði ráð fyrir, að  
innstæða yrði fyrir tékkanum á hinum tilgreinda útgáfudegi.  
Tékkinn, sem gefinn var út til Trésmiðjunnar Víðis, var sýndur  
í greiðslubankanum 20. apríl, og brast þá innstæðu.

Ákærði hafði nokkur reikningsviðskipti við veitingahúsið Sæla  
Café hér í borg. Segir hann, að hér hafi dvalizt á sínum vegum  
þýzkur tæknifræðingur og hafi hann matazt í veitingahúsinu á  
reikning ákærða og fleiri starfsmenn hans hafi þar fengið skrif-  
aðar veitingar. Í apríl 1968 greiddi ákærði veitingahúsinu skuld  
með tékka á reikning 4175 að fjárhæð kr. 10.871.25, og var tékk-  
inn dagsettur nokkuð fram í tímann, eða hinn 10. maí 1968.  
Tékkinn var sýndur í greiðslubankanum 15. maí, og skorti þá  
innstæðu. Ákærði segist hafa tekið fram, að viðtakandi mætti  
ekki láta frá sér tékkann án þess að hafa fyrst samráð við hann.  
Olga Stefánsdóttir, sem við tékkanum tók, segir, að sér hafi  
skilizt, að tékkann mætti láta frá sér, er komið væri að skráðum  
útgáfudegi, nema ákærði hefði áður óskað eftir öðru, en það hafi  
hann ekki gert.

Ákærði hefur fært sönnur á, að hann hefur greitt tékka Tré-  
smiðjunnar Víðis og Sæla Café.

Niðurstöður.

Með því að standa Gjaldheimtunni ekki skil á fé því, er hann  
hafði kvittað fyrir móttöku á, til lúkningar opinberum gjöldum  
Hákonar Steindórssonar hefur ákærði brotið gegn 247. gr. alm.  
hegningarlaga.

Með notkun tékka þeirra, sem ákæra 19. marz lýtur að, hefur  
ákærði brotið gegn 261. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði var 22. maí 1968 dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið  
fangelsi fyrir tékkasvik og aðra misnotkun innstæðulausra tékka

(brot gegn 248. og 261. gr. hegningarlaga). Áður (1967) hafði hann sætt á greiðslu 32.000 kr. sektar fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Brot þau gegn 261. gr. hegningarlaga, sem nú er dæmt um, eru framin, áður en síðasti refsidómur ákærða er uppkveðinn. Sama er að segja um mikinn hluta fjádráttarbrotisins, þar sem 23 af kvittunum þeim, sem ákærði gaf Hákonni, eru gefnar út fyrir 22. maí 1968. Hins vegar eru 6 af kvittununum gefnar út eftir þann tíma, að fjárhæð samtals 6.000 kr. Verður því að telja, að ákærði hafi rofið skilorð dómsins frá 22. maí 1968. Ber nú að dæma honum í einu lagi refsingu fyrir brot þau, sem greind eru í þeim dómi, og þau, sem hann er nú ákærður fyrir. Þykir sú refsing hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálms-sonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Óli Anton Bieltvedt, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálms-sonar, kr. 3.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---